

## 1. Tilgangur

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti (vvl.) sbr. og reglugerð nr. 471/2014 ber ÍV sjóðum hf. (ÍV sjóðir) að setja sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla í þeim tilgangi að tryggja bestu framkvæmd fyrirmæla f.h. sjóða sem eru í stýringu hjá ÍV sjóðum.

## 2. Gildissvið verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar gilda eingöngu um viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. vvl., þar sem ÍV sjóðir:

- móttaka og miðla fyrirmælum frá viðskiptavinum, og/eða
- framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.

Verklagsreglur þessar gilda um öll fyrirmæli frá viðskiptavinum, að undanskildum viðurkenndum gagnaðilum, hvort sem þau eru gefin af viðskiptavini í umboði annarra viðskiptavina eða ekki, og óháð flokkun þeirra viðskiptavina sem í hlut eiga.

Verklagsreglur þessar gilda um fjármálagerninga að undanskildum greiðsluskjölum í samræmi við skilgreiningu vvl. Vörur sem ekki falla undir skilgreiningu laganna falla utan gildissviðs verklagsreglnanna.

ÍV sjóðir geta einhliða ákveðið breytingar á verklagsreglum þessum og þannig rýmkað eða þrengt gildissvið þeirra, enda liggi þar til grundvallar að breytingar hafi verið gerðar á lögum eða reglugerðum, eða sett hafi verið fyrirmæli eða kveðnir upp úrskurðir þar til bærra yfirvalda sem réttlæta slíkar breytingar. Gildandi verklagsreglur skulu á hverjum tíma vera birtar á heimasíðu ÍV sjóðum.

## 3. Besta framkvæmd

ÍV sjóðir eru skyldugt til að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Þessi skylda ÍV sjóða á einungis við þegar ÍV sjóðir framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla á viðskiptavinur rétt á því að ÍV sjóðir gæti hagsmuna hans í hvívetna. Markmið ÍV sjóða skal ávallt vera að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn með tilliti til verðs og annarra þátta er tengjast viðskiptunum.

Verlagsreglur þessar gilda almennt ekki í eftirtöldum tilvikum:

- þegar ÍV sjóðir setja fram verðtilboð eða kalla eftir verðtilboði og ÍV sjóðir koma fram sjálfir í viðskiptum á grundvelli slíks tilboðs, enda sé viðskiptavinur upplýstur um það
- þegar ÍV sjóðir koma fram sjálf eða á grundvelli umboðs, í þeim tilvikum sem ÍV sjóðir fylgja ákveðnum fyrirmælum viðskiptavinar um framkvæmd viðskipta.

#### **4. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla**

Verð og kostnaður vega alla jafna þyngst þegar leitað er bestu mögulegu niðurstöðu, en þó geta aðrir þættir vegið þyngra með hliðsjón af því hvaða viðskiptavinur á í hlut, hvernig fyrirmælum er háttáð, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði viðskiptin fara fram.

ÍV sjóðir munu ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta í framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda. Ákvarðanir sínar byggir ÍV sjóðir á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem byggjast á eftirfarandi atriðum:

- einkennum viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,
- efni fyrirmæla viðskiptavinar,
- einkenni og eðli þeirra fjármálagerninga sem um ræðir í viðkomandi fyrirmælum,
- markaðsaðstæðum er varða þá fjármálagerninga sem fyrirmæli lúta að.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, munu ÍV sjóðir hverju sinni velja viðskiptastað sem fellur best að viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla með hliðsjón af hlutfallslegu mikilvægi einstakra þátta við framkvæmd þeirra viðskiptafyrirmæla sem um ræðir hverju sinni. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skulu ÍV sjóðir fylgja fyrirmælum hans.

Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um ákveðna framkvæmd, munu ÍV sjóðir framkvæma viðskiptafyrirmæli á grundvelli einnar eða fleiri neðangreindra aðferða:

- Utan skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) með því að para fyrirmælin við viðskiptafyrirmæli frá öðrum viðskiptavini ÍV sjóða,

- á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) eða, í þeim tilvikum sem ÍV sjóðir eru ekki aðili að viðkomandi markaði eða markaðstorgi, með þáttöku þriðja aðila á grundvelli samnings um framkvæmd viðskiptafyrirmæla á viðkomandi markaði eða markaðstorgi.

## 5. Viðskiptastaðir

Eftirfarandi er listi yfir viðskiptastaði sem ÍV sjóðir nota alla jafna frá og með setningu verklagsreglna þessara:

Skráð hlutabréf:

OMX Nordic Exchange Iceland  
OMX Nordic Exchange Helsinki  
OMX Nordic Exchange Copenhagen  
OMX Nordic Exchange Stockholm  
Oslo Børs  
OMX First North (MTF)

Skráð skuldabréf:

OMX Nordic Exchange Iceland

Skráð hlutdeildarskírteini:

OMX Nordic Exchange Iceland

ÍV sjóðir áskilja sér rétt til að notast við aðra viðskiptastaði ef það er til þess fallið að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu niðurstöðu

ÍV sjóðir munu leggja reglulega mat á viðskiptastaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum sem viðskipti er átt með til að ákvarða hvaða viðskiptastaðir henta best til að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. ÍV sjóðir munu ekki tilkynna viðskiptavinum sérstaklega um breytingar á listanum yfir viðskiptastaði, en munu uppfæra reglur þessar til samræmis.

## 6. Viðskipti utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF)

Til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, geta ÍV sjóðir í ákveðnum tilvikum ákveðið að framkvæma fyrirmælin utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF), til að mynda hjá innmiðlara.

Samkvæmt verðbréfaviðskiptalögunum er ÍV sjóðir skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrirfram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (ef undan eru skilin tilvik þar sem engum skipulegum verðbréfamörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga er til að dreifa í lista yfir viðskiptastaði með viðkomandi fjármálagerning).

Með því að samþykkja verklagsreglur þessar um framkvæmd viðskiptafyrirmæla er viðskiptavinur að samþykkja sérstaklega að ÍV sjóðum sé heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF).

## **7. Ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar**

Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd (til dæmis með rafrænum fyrirmælum) munu ÍV sjóðir fylgja fyrirmælum hans og framkvæma viðskiptin í samræmi við þau. Nái ákveðin fyrirmæli einungis til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni, munu ÍV sjóðir framkvæma aðra þætti á grundvelli þessara verklagsreglna.

Viðskiptavini ÍV sjóða á að vera ljóst að með því að gefa ákveðin fyrirmæli um framkvæmd tiltekinna viðskipta eru ÍV sjóðir hugsanlega knúin til að víkja frá þeim reglum og viðmiðum sem fram kom í verklagsreglum þessum og sett eru til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta.

## **8. Móttaka og miðlun fyrirmæla**

Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um á annan veg, er ÍV sjóðum heimilt að miðla fyrirmælum hans um framkvæmd viðskipta til þriðja aðila, til að mynda miðlara, til að framkvæma viðskiptin. Við slíka miðlun skal ÍV sjóðir gæta þess að það þjóni hagsmunum viðskiptavinar sem best og leggja til grundvallar hlutfallslegt mikilvægi allra þátta og viðmið um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

## **9. Opinber birting fyrirmæla**

Samkvæmt verðbréfaviðskiptalögunum bera ÍV sjóðum að gera opinber viðskiptafyrirmæli sem ekki hafa verið framkvæmd, nema viðskiptavinur mæli sérstaklega fyrir um annað. Með því að samþykkja verklagsreglur þessar mælir viðskiptavinur svo fyrir að ÍV sjóðir skuli ekki gera slík fyrirmæli opinber.

## **10. Eftirlit og endurskoðun**

ÍV sjóðir mun endurskoða árlega verklagsreglur þessar og oftar ef það er nauðsynlegt til að besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina félagsins. Þannig munu ÍV sjóðir fylgjast með skilvirkni við framkvæmd verklagsreglna þessara til að geta greint galla og gert endurbætur á verklagsreglum þessum.

ÍV sjóðir munu upplýsa viðskiptavini sína um allar efnislegar breytingar sem gerðar verða á framkvæmd fyrirmæla

Stefna þessi er sett af stjórn ÍV sjóða þann 21. desember 2016 og öðlast þegar gildi.

Kolbein Fröði  
Auðgug Sigmundur  
Ingvor Mjörð Gislason

